

Héraðsdómur Reykjaness

Úrskurður 11. desember 2024

Mál nr. A-1862/2024:

Pb. Air Berlin PLC & Co.

Luftverkehrs KG

(Gunnar Jónsson lögmaður)

gegn

Isavia ohf.

(Hlynur Halldórsson lögmaður)

Úrskurður

Málið barst dóminum 23. ágúst 2024 og var tekið til úrskurðar 3. desember 2024.

Gerðarbeiðandi er Dr. Lucas F. Flöther, Wallstraße 14, 10179 Berlín, Þýskalandi, fyrir hönd þrotabús Air Berlin PLC & Co. Luftverkehrs KG.

Gerðarþoli er Isavia ohf., kt. [...], Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 235 Keflavíkurflugvelli.

Með aðfararbeiðni krefst gerðarbeiðandi dómsúrskurðar um að gert verði fjárnám hjá gerðarþola til tryggingar skuld sem sundurliðast þannig:

Sundurliðun kröfu:	Fjárhæð:
Höfuðstóll:	EUR 794.602,43
Dráttarvextir (5% yfir grunnvöxtum) af höfuðstól frá 4.1.2018 til 23.8.2024:	EUR 265.903,11
Málskostnaður (1) skv. ákvörðun 12.04.2023:	EUR 37.136,15
Dráttarvextir (5% yfir grunnvöxtum) af málskostnaði (1) frá 31.1.2022 til 23.08.2024:	EUR 4.075,48
Dráttarvextir (5% yfir grunnvöxtum) af málskostnaði (1) frá 14.03.2023 til 23.08.2023:	EUR 1.472,28
Málskostnaður (2) skv. ákvörðun 19.01.2024	EUR 10.436,70
Dráttarvextir (5% yfir grunnvöxtum) af málskostnaði (2) frá 22.12.2023 til 23.08.2023:	EUR 599,46
Kostnaður við fjárnámsbeiðni:	kr. 25.000
Aðfarargjald í ríkissjóð:	kr. 13.000
Gjald til Héraðsdóms Reykjaness fyrir beiðni um aðfararheimild:	kr. 20.000
Samtals krafa í evrum:	EUR 1.114.225,61
Samtals krafa í ísl. krónum:	kr. 58.000

Til viðbótar krefst gerðarbeiðandi áfallandi dráttarvaxta til greiðsludags og alls kostnaðar af frekari fullnustugerðum ef til þeirra kemur. Á kröfu gerðarbeiðanda í evrum, 1.114.225,61, falli áfram dráttarvextir sem séu 5% yfir grunnvöxtum þýskra laga

samkvæmt neðangreindum dómi og ákvörðunum Berlin Regional Court. Á kröfu í íslenskum krónum, 58.000 krónur, falli dráttarvextir samkvæmt lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Gerðarþoli krefst þess að beiðni gerðarbeiðanda verði hafnað. Verði fallist á kröfu gerðarbeiðanda að einhverju leyti krefst gerðarþoli þess að í úrskurði héraðsdóms verði kveðið á um að málskot til æðra dóms fresti aðfarargerð á hendur gerðarþola þar til endanlegur úrskurður Landsréttar og eftir atvikum dómur Hæstaréttar Íslands gengur. Þá krefst gerðarþoli málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda að mati dómsins.

Í endanlegum kröfum gerðarbeiðanda krefst hann þess að aðfararbeiðni hans verði árituð um að aðför megi gera til fullnustu kröfu samkvæmt henni, sbr. 1. mgr. 11. tölulið 1. gr. og 11. og 12. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. og 38.–41. gr. laga nr. 7/2011 um Lúganósamninginn um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum. Gerðarbeiðandi krefst þess að hafnað verði kröfu gerðarþola um að kveðið verði á um að málskot fresti aðfarargerð á hendur gerðarþola þar til æðri úrskurður/dómur fellur. Þá krefst gerðarbeiðandi málskostnaðar úr hendi gerðarþola að mati dómsins.

Helstu málsatvik og ágreiningur:

Aðfararbeiðnin byggir á dómi Landsdóms Berlínar (Landgericht Berlin) frá 3. desember 2021, í máli nr. 67 O 12/21, en þar var gerðarþoli dæmdur til að greiða gerðarbeiðanda 794.602,43 evrur ásamt dráttarvöxtum.

Gerðarþoli áfrýjaði dómi Landsdóms Berlínar til Yfirlandsdóms Berlínar (Kammergericht Berlin), mál nr. 14 U 164/21. Áfrýjunardómstóllinn kvað upp dóm þann 17. febrúar 2023 og staðfesti dóm Landsdóms Berlínar.

Með ákvörðunum Landsdóms Berlínar, 16. janúar 2024 og 24. mars 2024, var kveðið á um skyldu gerðarþola til að greiða gerðarbeiðanda málskostnað vegna framangreinda mála, annars vegar 10.436,70 evrur og hins vegar 37.163,15 evrur.

Ágreiningur málsins varðar það einkum hvort nefndur dómur nr. 67 O 21/21 og málskostnaður heyri undir undantekningarákvæði b-liðar 2. mgr. 1. gr. Lúganósamningsins, sbr. lög nr. 7/2011, er kveður á um að samningurinn gildi ekki um gjaldþrot. Eigi undantekningarákvæðið við um kröfu gerðarbeiðanda, eru ekki uppfyllt ákvæði 11. töluliðar 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga nr. 90/1989 um aðfararheimild hér á landi fyrir kröfu gerðarbeiðanda.

Helstu málsástæður og réttarheimildir gerðarbeiðanda:

Gerðarbeiðandi vísar til þess að hann sé skiptastjóri þrotabús Air Berlin PLC & Co. Luftverkehrs KG. Með dómi Landsdóms Berlínar, dags. 3. desember 2021, í máli nr. 67 O 12/21 hafi gerðarþoli verið dæmdur til að greiða gerðarbeiðanda 794.602,43 evrur með dráttarvöxtum, auk fyrrgreinds málskostnaðar samkvæmt tveimur ákvörðunum sama dómstóls.

Gerðarbeiðandi styður heimild sína til að krefjast aðfarar hjá gerðarþola við framlögð heimildarskjöl, 1. mgr. 11. tölulið 1. gr. og 11. og 12. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. og 38.–41. gr. laga nr. 7/2011 um Lúganósamninginn um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum.

Gerðarbeiðandi telur ljóst að meginreglan sé sú að einkamál falli undir Lúganósamninginn og að allar undantekningar frá þeirri meginreglu beri að túlka þröngt, og í þessu sambandi beri að skýra hugtakið „einkamál“ rúmt. Staðan samkvæmt íslenskum rétti sé skýr með það að fræðimenn hafi lagt til grundvallar að undanþágan gildi ekki um mál sem þrotabú höfðar á hendur öðrum aðila. Vissulega sé það þannig að Evrópudómstóllinn hafi talið í málum sem varða lögsögu í riftunarmálum, að slík mál geti verið svo nátengd gjaldþrotaskiptameðferð að þau falli undir b-lið 2. mgr. 1. gr. Lúganósamningsins sem sambærileg málsmeðferð. Hins vegar verði að meta það í hverju tilfelli hvort tengsl séu nægjanleg.

Gerðarbeiðandi leggur áherslu á að dómsúrslausn málsins standi sjálfstætt og óháð fyrri lögskiptum aðila. Hér verði að skilja að lögsögu og fullnustu. Þótt lögsaga máls hafi verið með tilteknum hætti, þá sé það ekki endilega svo um fullnustu kröfunnar. Þegar dómsúrslausn liggja fyrir um skyldu sem verður fullnægt með aðför hafi orðið sú breyting á lögskiptum aðila að dómsúrslausnin sé sjálfstæður grundvöllur aðfararinnar, og standi ekki lengur í beinum tengslum við þau lögskipti sem hafi búið að baki. Um þá aðfararkröfu sem hér liggja fyrir, séu ekki lengur nægjanleg tengsl til staðar við gjaldþrot, og krafan því fallin utan b-liðar 2. mgr. 1. gr. Lúganósamningsins. Sem dæmi megi nefna að dæmd einkaréttarleg krafa í refsímáli verði fullnustuð eftir ákvæðum Lúganósamningsins, þótt refsímálið falli ekki þar undir. Þá megi benda á að Evrópudómstóllinn hafi staðfest að þegar riftunarkrafa hafi verið framseld þriðja manni sé hún ekki í nægjanlegum tengslum við greint ákvæði. Ótækt væri ef gerðarbeiðanda yrði meinuð fullnusta sem þriðja manni væri heimiluð.

Gerðarbeiðandi bendir á að samkvæmt 32. gr. gjaldþrotaskiptareglugerðar ESB (nr. 2015/848/ESB) fari um fullnustu dóma samkvæmt 39.-44. og 47.-57. gr. Brussel-reglugerðar (nr. 1215/2012/ESB), sem sé hliðstæða Lúganósamningsins. Þetta leiði til sömu niðurstöðu og að framan geti, þ.e. að eftir að dómur liggur fyrir sé hann fullnustaður í samræmi við almennar reglur.

Máli sínu til stuðnings vísar gerðarbeiðandi til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur nr. E-6120/2022, þar sem staðfest hafi verið að tryggingarráðstöfun sem ákveðin var af fullnustudómstól í Köln (Amtsgericht Köln Vollstreckungsgericht) vegna dóms Landsdóms Berlínar í máli nr. 67 O 12/21, falli ekki undir b-lið 2. mgr. 1. gr. Lúganósamningsins. Skýrt komi fram í dóminum að engu breyti um niðurstöðuna þótt kröfuhafinn sé þrotabú sem æski tryggingar fyrir greiðslu kröfu sem byggist á riftunarreglum gjaldþrotaskiptalaga. Sömu sjónarmið eigi við um fullnustu sjálfs dómsins samkvæmt aðfararbeiðni þess máls.

Gerðarbeiðandi telur að málskostnaður samkvæmt ákvörðunum Landsdóms Berlínar falli ekki undir b-lið 2. mgr. 1. gr. Lúganósamningsins, enda tengsl þeirra ákvarðana enn fjarlægari dómur sama dómstóls. Til hliðsjónar sé bent á 1. mgr. 48. gr. Lúganósamningsins, en í öllu falli sé málskostnaðurinn aðfararhæfur samkvæmt 4. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991.

Gerðarbeiðandi hafnar því að ákvæði 3. mgr. 64. gr. Lúganósamningsins eigi við samkvæmt efni sínu, auk þess sem ákvæðið kveði á um heimild. Þá mótmælir gerðarbeiðandi öllum vörnum gerðarþola er byggjast á því að gerðarbeiðandi geti ekki krafist fjárnáms í öðru og meira en nægi til að tryggja kröfu hans. Krafan hafi ekki verið greidd þrátt fyrir að þrjú ár séu frá dómi Landsréttar Berlínar og fullnustugerðin sé því nauðsynleg. Tryggingarráðstöfun á hendur þriðja aðila verði ekki talin jafngilda fjárnámi í eignum gerðarþola. Hvað sem öðru líði þá geti þessi sjónarmið ekki komið til skoðunar í þessu máli, enda varði krafan áritun um beiðni til aðfarar. Hvaða eignir verði teknar fjárnámi heyri undir meðferð máls hjá sýslumanni.

Gerðarbeiðandi mótmælir því að til greina komi að kveða á um að málskot til æðri réttar fresti aðför, sbr. 3. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989, enda verði fyrirbyggjandi dómur á hendur gerðarþola ekki endurskoðaður, sbr. 41. gr. laga nr. 7/2011. Sama eigi við um það sjónarmið að gerðarbeiðandi geti ekki tekið fjárnámi meiru en nemi fjárhæð kröfu hans, enda verði fjallað um það komi til fjárnáms hjá sýslumanni.

Helstu málsástæður og réttarheimildir gerðarþola:

Gerðarþoli byggir á því um aðalkröfu sína að það sé meginregla íslensks réttar að erlendir dómar hafi ekki bindandi réttaráhrif hér á landi, þ.e. res judicata áhrif. Einu undantekningarnar frá þessari meginreglu verði að eiga sér stoð í settum lögum sem beinlínis kveði á um að erlendir dómar séu viðurkenndir hér á landi. Erlenda dóma sé því ekki hægt að fullnusta á Íslandi nema sérstök lög komi til. Sé fullnusta dóma þannig nátengd viðurkenningu dóma.

Gerðarþoli bendir á að gerðarbeiðandi styðji aðfararheimild sína við dóm Landsdóms Berlínar frá 3. desember 2021 um riftun þrotabús gerðarbeiðanda á greiðslu sem þrotabúið innti af hendi til gerðarþola í október 2017. Hafið sé yfir allan vafa að dómurinn sé að efni til gjaldþrotamál í skilningi Lúganósamningsins sem fjalli um riftun ráðstöfunar þrotamanns eftir að úrskurður féll um gjaldþrot eða um sambærilega dómsathöfn að þýskum lögum. Bendir gerðarþoli á þá augljósu staðreynd að gerðarbeiðandi sjálfur sé þrotabú sem freisti þess að innheimta kröfu á grundvelli riftunardómsins til þess að færa fjármuni henni tengda inn í þrotabúið.

Gerðarþoli byggir á því að samkvæmt b-lið 2. mgr. 1. gr. Lúganósamningsins, sbr. lög nr. 7/2011, gildi samningurinn ekki um gjaldþrot, nauðasamninga eða sambærilega málsmeðferð. Með réttu hefði gerðarbeiðandi átt að höfða slíkt riftunarmál á Íslandi eftir íslenskum lögum, vildi hann fá aðfararhæfan dóm fyrir kröfu sinni um riftun á Íslandi. Fyrirgreint ákvæði sé að finna í I. hluta Lúganósamningsins sem fjalli um gildissvið samningsins. Af þessum sökum falli fyrirnefndur dómur utan gildissviðs Lúganósamningsins og hafi dómurinn auk þeirra tveggja ákvarðanir um málskostnað, sem gerðarbeiðandi byggir aðfararbeiðni sína á, ekki réttaráhrif hér á landi.

Gerðarþoli byggir enn fremur á því að ákvæði í I. hluta Lúganósamningsins um gildissvið taki bæði til II. hluta (um varnarþing) og III. hluta samningsins, sem fjalli um viðurkenningu dóma og fullnustu þeirra. Vegna þess að sakarefni þess dómsmáls, sem gerðarbeiðandi styðji aðfararheimild sína við, falli utan gildissviðs samningsins, verði dómurinn hvorki viðurkenndur né fullnustaður eftir ákvæðum III. hluta samningsins.

Byggir gerðarþoli á því að þar sem gerðarbeiðandi styðji aðfararbeiðni sína ekki við neina gilda aðfararheimild samkvæmt aðfararlögum, sbr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, verði að hafna beiðni gerðarbeiðanda.

Þá byggir gerðarþoli kröfu sína um synjun á aðfararbeiðni gerðarbeiðanda á 3. mgr. 64. gr., sbr. 1. mgr. 35. gr., Lúganósamningsins, sem sé beint að dómstólum í

aðildarríkjum samningsins. Þar segi að dómstóll aðildarríkis samningsins megi synja um viðurkenningu eða fullnustu ef þær reglur sem dómstóll í upprunaríki hafi byggt dómsvald sitt á séu aðrar en þær sem leiði af samningnum og krafist sé viðurkenningar eða fullnustu hjá aðila sem eigi heimili í ríki þar sem þessi samningur gildi en ekki samningur samkvæmt 1. mgr. 64 gr.

Fyrir liggja að dómstóllinn í Berlín byggði lögsögu sína ekki á Lúganósamningnum eða réttarreglum sem séu sambærilegar reglum samningsins, heldur byggði hann lögsöguna á gjaldþrotaskiptareglugerð Evrópusambandsins sem ekki sé hluti af EES-samningnum. Þær reglur séu augljóslega „aðrar en þær sem af samningi þessum leiðir“, sbr. orðalag 3. mgr. 64. gr. Lúganósamningsins, enda séu reglur gjaldþrotaskiptaréttar sérstaklega undanþegnar gildissviði samningsins, sbr. fyrri umfjöllun.

Af þessu sé einnig ljóst að ávallt sé heimilt að færa fram varnir um að hafna beri viðurkenningu á þeim grunni að sakarefni falli utan gildissviðs Lúganósamningsins. Við þessar aðstæður beri dómstól viðtökuríkis að endurskoða dómsvald dómstólsins í upprunaríki og hafna því í stað þess að leggja álit dómstólsins í upprunaríkinu á eigin lögsögu sjálfkrafa til grundvallar, líkt og gerðarbeiðandi virðist byggja á.

Um varakröfu sína um frestun réttaráhrifa vísar gerðarþoli til þess að nú sé rekið mál fyrir Landsrétti nr. 529/2024, milli gerðarþola og Deutsche Lufthansa AG. Sakarefni þess máls sé nátengt þessu aðfararmáli, enda byggir ágreiningur þess máls á því hvort dómur Landsdóms Berlínar hafi bindandi réttaráhrif samkvæmt íslenskum lögum. Niðurstaða þess máls hafi eða geti haft veruleg áhrif á sakarefni og þar með úrslit þessa máls.

Fari svo að Landsréttur, eða eftir atvikum Hæstiréttur, kveði upp dóm þar sem komist sé að þeirri niðurstöðu að fyrrnefndur dómur Landsdóms Berlínar frá 3. desember 2021 og fullnustudómur Kölnar hafi bindandi réttaráhrif samkvæmt íslenskum lögum, bendir gerðarþoli á að gerðarbeiðandi hafi þegar tryggt kröfu sína með fjárnámsgerð í fjárkröfu gerðarþola á hendur Deutsche Lufthansa samkvæmt úrskurði Héraðsdómstóls í Köln. Fjárnám gerðarbeiðanda að kröfu gerðarþola á hendur Deutsche Lufthansa standi óhaggað þar sem dómur Kammergericht sé endanlegur og gerðarbeiðandi þar af leiðandi með aðfararveð fyrir kröfu sinni. Næði aðfararbeiðni gerðarbeiðanda fram að ganga áður en endanlegur dómur gengi um fyrrnefnt ágreiningsmál gerðarþola og Deutsche

Lufthansa, hefði gerðarbeiðandi tryggt sér aðfararveð fyrir kröfu sinni langt umfram þá kröfu sem hann gæti þá fullnustað.

Í 2. kafla III. hluta Lúganósamningsins sé fjallað um fullnustu dóma. Segir þar að fullnusta fari fram samkvæmt lögum þess ríkis þar sem fullnustan eigi sér stað. Um málsmeðferð við fullnustu fari eftir ákvæðum 39.-42. gr. samningsins og á Íslandi eftir ákvæðum aðfararlaga nr. 90/1989. Yrði gert fjárnám á grundvelli fyrrnefnds dóms eftir aðfararbeiðni þeirri sem hér sé til umfjöllunar, gengi það gegn meginreglu 36. gr. aðfararlaga, en þar segir að gera megi fjárnám til fullnustu peningakröfu í eignum, sem nægi til greiðslu hennar, en reglan komi einnig fram í 1. mgr. 38. gr. sömu laga. Þá vísar gerðarþoli einnig til meginreglna 6. kafla í III. þætti aðfararlaga, sem byggist á þeirri meginreglu að andlag fjárnáms geti ekki orðið annað og meira en þurfi til að tryggja kröfu gerðarbeiðanda. Byggir gerðarþoli á því að gerðarbeiðandi geti ekki krafist fjárnáms í fleiri eignum gerðarþola en þurfi til að fullnusta kröfu hans. Feli slíkt í sér íþyngjandi hömlur á eignir gerðarþola í formi aðfararveðs er gangi gegn stjórnarskrárvörðum eignarréttindum gerðarþola.

Vegna hinna miklu hagsmuna sem í húfi séu, og þess fjártjóns sem gerðarþoli yrði fyrir ef fjárnám yrði heimilað áður en endanlegur dómur æðra dóms gengi, gerir gerðarþoli kröfu til vara um að kveðið verði á um það í úrskurðarorði héraðsdóms að málskot til æðra dóms, hvort sem er Landsréttar eða Hæstaréttar Íslands, fresti aðfarargerð á hendur gerðarþola og þar til endanlegur dómur æðra dóms gengur. Sé það eina lögmæta leiðin til að tryggja réttindi gerðarþola, yrði niðurstöðu héraðsdóms snúið við eða breytt með dómi Landsréttar eða eftir atvikum dómi Hæstaréttar. Byggir krafan á 3. mgr. 84. gr. aðfararlaga. Krafan um málskostnað styðst við XXI. kafla laga nr. 91/1991, sbr. 1. mgr. 130. gr. þeirra laga. Krafa um álag er nemi virðisaukaskatti styðst við lög nr. 50/1988.

Forsendur og niðurstaða:

Fyrir dóminum liggja dómar og ákvarðanir þýskra dómstóla. Í 32. gr. Lúganósamningsins, sem færður var í íslensk lög með lögum nr. 7/2011 um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum segir: „Í samningi þessum merkir „dómur“ sérhverja ákvörðun um málsúrslit, sem tekin er af dómstóli í ríki, sem er bundið af þessum samningi, hverju nafni sem hún nefnist, svo sem dóm, úrskurð eða ákvörðun um fullnustu, svo og ákvörðun ... um málskostnað.“

Í 1. mgr. 1. gr. Lúganósamningsins segir: „Samningur þessi gildir um einkamál“.

Ágreiningur málsins er um gildissvið b-liðar 2. mgr. 1. gr. Lúganósamningsins. Í ákvæðinu segir: „Samningurinn gildir ekki um: gjaldþrot, nauðasamninga eða sambærilega málsmeðferð.“

Ágreiningslaust virðist að krafa gerðarbeiðanda sé á sviði einkamála og að fyrir liggi endanleg ákvörðun þýskra dómstóla um efni og fullnustuhæfi fyrrgreindra ákvarðana. Að þessu leyti uppfyllir aðfararbeiðnin skilyrði 3. mgr. 83. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, um skýr og ljós réttindi gerðarbeiðanda sem verða ekki endurskoðuð, sbr. 2. mgr. 83. gr. sömu laga.

Málsaðilar eru á einu máli um að meta verði hvort krafa gerðarbeiðanda sé í nægjanlega miklum eða órjúfanlegum tengslum við „gjaldþrot“ í skilningi Lúganósamningsins. Verður það lagt til grundvallar niðurstöðu málsins.

Af íslenskri þýðingu dóms Landsdóms Berlínar nr. 67 O 12/21 má ljóst vera að fjárkrafan sem gerðarbeiðandi byggir heimild sína á sé dómur um endurgreiðslu vegna riftunar á greiðslu til gerðarþola, samkvæmt ákvæðum þýskra gjaldþrotaskiptalaga.

Gerðarþoli hefur bent á að í frumvarpi til eldri laga um Lúganósamninginn nr. 68/1995, og vísað sé til í lögum nr. 7/2011, komi fram að ástæða þess að gjaldþrotamál séu undanþegin, sé m.a. sú að löggjöf í samningsríkjunum sé svo ólík að erfitt hefði reynst að ná samkomulagi nema með því móti að draga úr þeirri skilvirkni sem samningurinn bjóði upp á.

Gerðarþoli vísar einnig til þess að kröfu hans um frávísun málsins fyrir hinum þýska dómstól hafi verið hafnað, á þeim forsendum að ákvæði tilskipunar Evrópuráðsins (nr. 2015/848/ESB) um meðferð gjaldþrotamála ætti við um lögsögu málsins. Riftun hafi því farið fram á grundvelli þýskra gjaldþrotaskiptalaga með stoð í gjaldþrotaskiptareglugerð, sem gildi ekki hér á landi. Riftunin hefði því þurft að fara fram hér á landi með vísan til skylduvarnarþings 22. gr. Lúganósamningsins.

Líkt og fram er komið verða varnir ekki hafðar uppi gegn aðfararbeiðni um atriði sem dómstóll hefur áður tekið efnislega afstöðu til. Dómurinn tekur hins vegar afstöðu til þess hvort uppfyllt séu skilyrði þess að fallast megi á að fullnustugerðin fari fram hér á landi. Að mati dómsins er verið að vísa til þessa dómsvalds í 22. gr. Lúganósamningsins, sbr. 5. tölulið, þar sem segir að eftirgreindir dómstólar hafa einir dómsvald, án tillits til heimilis: „í málum um fullnustu dóma, dómstólar í því ríki sem er bundið af þessum samningi og þar sem fullnusta hefur farið fram eða skal fara fram.“

Gerðarbeiðandi bendir á að undanþágan um gjaldþrot í Lúganósamningnum gildi ekki um mál sem þrotabú höfðar á hendur öðrum. Skýra beri hugtakið einkamál vítt og hugtakið gjaldþrot þröngt. Þá sé það viðurkennd regla í íslenskum rétti að hafi gengið dómsúrlausn um skyldu sem fullnægt verði með aðför, hafi sú breyting orðið á lögskiptum aðila að dómsúrlausnin sé sjálfstæður grundvöllur aðfararinnar. Þannig standi sú skylda sem hvílir á gerðarþola ekki lengur í beinum tengslum við þau lögskipti sem búið hafi að baki aðfararheimildinni. Sömu forsendur eigi við um kröfu hans, að dómsúrlausnin standi sjálfstæð óháð lögskiptum aðila. Komi þessi aðskilnaður vel fram í reglum Evrópusambandsins, því þótt lögsagan hafi farið eftir gjaldþrotaskipta-reglugerð þá er um fullnustu vísað til ákvæða í Brussel-reglugerð (nr. 1215/2012/ESB).

Í fylgiskjali Lúganósamningsins í lögum nr. 7/2011 kemur fram sú meginregla að stefnt sé að því með lögunum að styrkja hið alþjóðlega dómsvald um skjóta málsmeðferð og til viðurkenningar á dómum og fullnustu þeirra. Undantekningar frá þessu ber því að túlka þröngt.

Hugtakið „gjaldþrot“ er ekki skýrt í Lúganósamningnum sjálfum. Sé „gjaldþrot“ skýrt eftir orðanna hljóðan falla hér eingöngu undir úrskurðir um gjaldþrot (G-mál samkvæmt íslenskum dómstólum) og/eða úrskurðir í ágreiningsmálum um það hvort fallist verði á gjaldþrotaskipti (X-mál).

Lúganósamningurinn tekur fyrst og fremst til fjármunaréttarins. Sé litið til þeirra undanþágna sem getur í 1. og 2. mgr. 1. gr., þá tekur samningurinn ekki til skattamála, tollamála og stjórnisýslumála. Þá tekur samningurinn ekki til ákvarðana um persónulega réttarstöðu, s.s. rétt hæfi eða gerhæfi. Samningurinn tekur með þeim hætti ekki til málefna sem eiga rætur að rekja til þess að ríki samningsins beiti opinberu valdi sínu (e. action arise out of sovereign's exercise of public power).

Úrskurðir um gjaldþrot (G-, X-mál) eru ákvarðanir um persónulega réttarstöðu manna og félaga, sem fara eftir réttarfarsreglum hvers ríkis. Löggjöf um þær reglur getur verið ólík milli ríkja samningsins. Úrskurðir um gjaldþrot heyra með þeim hætti ekki undir einkamál samkvæmt 1. mgr. 1. gr. Lúganósamningsins, og hvað sem öðru líður falla þeir úrskurðir undir undanþágu 2. mgr. 1. gr. samningsins að mati dómsins.

Sá dómur sem liggur til grundvallar aðfararbeiðni gerðarbeiðanda varðar ekki beitingu opinbers valds né er þar kveðið á um persónulega réttarstöðu aðila. Dómurinn er einkaréttarkrafa á sviði fjármunaréttarins sem kveður á um að gerðarþola beri að greiða gerðarbeiðanda tiltekna peningakröfu. Dómurinn er með framangreindum hætti

einkamál í skilningi Lúganósamningsins og undanþága samningsins sem vísar á „gjaldþrot“ getur að mati dómsins ekki átt við um kröfu gerðarbeiðanda.

Samkvæmt framangreindu heyrir krafa gerðarbeiðanda undir Lúganósamninginn og hefur íslenska ríkið skuldbundið sig að þjóðarétti til að viðurkenna aðfararheimild þá er liggur fyrir í málinu.

Gerðarþoli vísar til ákvæða 3. mgr. 64. gr. Lúganósamningsins, sbr. 1. mgr. 35. gr., um að synja beri kröfu gerðarbeiðanda um fullnustu þar sem hinn þýski dómstóll hafi byggt dómsvald sitt á reglum sem séu aðrar en leiða megi af Lúganósamningnum. Að mati dómsins getur ákvæðið ekki átt við, enda verða nefnd atriði ekki endurskoðuð, sbr. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Auk þess hefur dómurinn þegar fallist á að fullnægja megi fyrrgreindum ákvörðunum samkvæmt íslenskum lögum, sbr. og niðurlag 3. mgr. 64. gr. Lúganósamningsins.

Í niðurlagi 11. töluliðar 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 er gerður eftirfarandi áskilnaður: „Enda verði fullnusta kröfunnar talin samrýmanleg íslensku réttarskipulagi“. Ekkert er fram komið um að krafa gerðarbeiðanda taki til einhvers sem talið yrði ólöglegt eða ósiðlegt eftir íslenskum lögum, réttarvitund eða siðferðisvitund. Mál til riftunar ráðstafana þrotamanns hér á landi og til endurgreiðslu fjármuna eru rekin sem einkamál (E-mál) með sama hætti og gert var í dómi Landsdóms Berlínar, í máli nr. 67 O 12/21. Af forsendum þess dóms verður einnig ráðið að hin þýska löggjöf um riftun ráðstafana þrotamanns sé alls ekki ólík íslenskri löggjöf um sama efni. Í dóminum segir: „Alltént hafi stefndi hins vegar hvorki sýnt né sannað að greiðslan sem deilt er um í þessu máli sé órifanleg samkvæmt íslenskum lögum“.

Gerðarþoli telur að verði fallist á að fjárnám verði gert hjá honum gangi það gegn ákvæðum 36. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 90/1989, sbr. og meginreglu III. þáttar sömu laga.

Samkvæmt tilgreindum ákvæðum er það sýslumaður sem gerir fjárnám í eignum til fullnustu peningakröfu gerðarbeiðanda. Ber sýslumanni að taka ekki meira en svo að það nægi til fullnustu kröfu gerðarbeiðanda. Hvort krafan sé þegar að fullu tryggð með einhverjum hætti og tengist ágreiningi aðila sem nú er fyrir Landsrétti verður ekkert fullyrt um. Samkvæmt athugasemdum með frumvarpi er varð að 3. mgr. 83. gr. laga nr. 90/1989, skal úrskurður dómsins aðeins kveða á um hvort aðfarargerð megi framkvæma eða ekki.

Gerðarþoli gerir þá kröfu að lokum að kveðið verði á um það, sbr. 3. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989, að málskot til æðra dóms fresti aðfarargerð. Samkvæmt nefndu ákvæði er meginreglan sú að málskot fresti ekki aðfarargerð. Í athugasemdum með frumvarpi að nefndu ákvæði segir að undantekningin sé einkum í þeim tilvikum að málefni séu ófjárhagslegs eðlis og tjón yrði ekki bætt með fégreiðslu. Þær forsendur eiga engan veginn við hér. Þá er jafnframt til þess að líta að sá dómur sem aðfararbeiðnin grundvallast á var kveðinn upp í desember 2021, auk síðari ákvarðana um málskostnað, án þess að séð verði að neitt hafi greiðst upp í kröfuna. Verður þeirri kröfu gerðarþola því hafnað.

Með vísan til alls framangreinds þykja uppfyllt ákvæði 11. töluliðar 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, svo fallast megi á beiðni gerðarbeiðanda um að aðför fari fram hjá gerðarþola til fullnustu þeim kröfum sem getur í aðfararbeiðni hans.

Ágreiningur málsins var rekinn eftir reglum 13. kafla laga nr. 90/1989. Getur því ekki komið til þess að dómari áriti aðfararbeiðni gerðarbeiðanda, enda koma reglur 12.-15. gr. sömu laga ekki til skoðunar þegar svo stendur á.

Eftir þessum úrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989, á gerðarbeiðandi rétt til málskostnaðar úr hendi gerðarþola, sem er hæfilega ákveðinn 868.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Úrskurð þennan kveður upp Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari.

Úrskurðarorð:

Framkvæma má aðför hjá gerðarþola, Isavia ohf., samkvæmt aðfararbeiðni gerðarbeiðanda, þrotabús Air Berlin PLC & Co. Luftverkehrs KG.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 868.000 krónur í málskostnað.

Málskot úrskurðar til æðra dóms frestar ekki aðför.

Bogi Hjálmtýsson